

## Skólaráðsfundur 30. október 2019

Fundinn sátu: Ásta Hermannsdóttir, Lydía Ósk Jónasdóttir, Helga Óskarsdóttir, Einarína Einarsdóttir, Inga Rósa Sigurjónsdóttir, Markús Máni Gröndal, Íris Helga Aradóttir, Óskar G. Björnsson og Hallfríður Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundurinn hófst á því að allir fulltrúar kynntu sig. Óskar kynnti fundarmönnum hlutverk skólaráðs í skólastarfinu.

### Starfsáætlun

Sett var upp starfsáætlun skólaráðs og dagsetningar funda til vors. Ákveðið að hafa fundina í vetur í hádeginu, oftast á mánudögum.

mánudagur 25. nóvember

mánudagur 16. desember

þriðjudagur 28. janúar

mánudagur 2. mars

mánudagur 20. apríl

fimmtudagur 14. maí

### Skipulag skólalóðar

Rætt um skipulag skólalóðar og að sett verði niður leiktæki sem skólinn á í geymslu og hjólabrettarampur sem komin er fjárveiting fyrir. Mikilvægt er að skipulag skólalóðar liggi fyrir áður en leiktækin verða sett niður þar sem enn á eftir að klára fyrirhugaða byggingu sem mun nýttast tónlistarskólanum og auk þess vantar skólann textílstofu, náttúrufræðistofu og sal. Niðursetning á tækjum á lóð skólans hangir því saman við hönnun og skipulag lóðar og svæðis vegna viðbyggingar.

Ákveðið var að senda áskorun til fræðslunefndar um að skipulagi skólalóðar verði flýtt eins og kostur er og leiktækjum komið fyrir á lóðinni í kjölfarið. Einnig var rætt um öryggishlið við aðkomu skólabíls, en ekki hefur ennþá tekist að fá það sett niður á viðunandi stað.

### A-álma.

Salerni í A-álmum eru nú í endurnýjun og næst vonandi að klára þá framkvæmd um áramót. Rætt um ástand A-álmum og vill skólaráð hvetja til þess að gert verði ráð fyrir endurnýjun og lagfæringum á álmunni í fjárhagsáætlun næsta árs. Einnig var rætt um hvort framkvæmdir á álmunni séu framkvæmanlegar á skólatíma. Slíkt er erfitt en mögulega hægt í skamman tíma.

### Önnur mál.

- Nemendafulltrúi sagði frá athugasemdum nemendafélags um matinn í skólanum. Í deiglu eru breytingar á morgunmat í samráði við yfirmann

eldhúss, þar sem oftar yrði boðið upp á brauð og í hádeginu eru uppi hugmyndir um að uppáhaldsmatur ákv. bekkja verði á matseðli öðru hvoru.

- Athugasemd kom fram um ákveðið svæði á skólalóð sem er moldarsvæði og skapar oft vandamál á yngsta stigi. Ákveðið að fela húsverði í samráði við áhaldahús að skoða hvaða lausnir eru mögulegar.

Áskorun til fræðslunefndar frá skólaráði Árskóla:

*Skólaráð Árskóla skorar á fræðslunefnd Sveitarfélagsins Skagafjarðar að beita sér fyrir því að flýta eins og kostur er hönnun og skipulagi endanlegrar skólalóðar Árskóla, þar sem gert verði ráð fyrir þeim leiktækjum sem skólinn á nú þegar og eru í geymslu á vegum sveitarfélagsins. Leiktækin voru tekin niður vegna framkvæmda á skólalóð fyrir mörgum árum og eru m.a. rólur, vegasalt, apastigi o.fl. sem hentar sérstaklega fyrir yngstu börnin og myndi draga úr brýnni þörf fyrir fjölbreyttari leiktæki. Auk þess verði gert ráð fyrir hjólabrettarampi, sem búið er að fjármagna, en jafnframt gert ráð fyrir fyrirhuguðu svæði til viðbyggingar við skólann sunnan við íþróttahús.*

*Skólaráð óskar eftir að gert verði ráð fyrir fjármagni til þess að ljúka hönnun og skipulagi skólalóðar skólans og til að setja leiktækin niður á skólalóðinni sem fyrst.*

*Jafnframt skorar skólaráð á fræðslunefnd að beita sér fyrir því að haldið verði áfram við endurnýjun á A-álmu, þegar salernin eru tilbúin, því ástandið á álmunni er óviðunandi. Einnig að hafin verði hönnun á viðbyggingu við Árskóla sem hýsi náttúrufræðistofu, textílstofu, samkomusal og rými fyrir tónlistarskólann.*

Skólaráð Árskóla.